

Nd.

### 330. Frumvarp

til laga um breyting á hafnarlögum fyrir Ísafjörð, nr. 34 19. júní 1922.

Flutningsm.: Vilmundur Jónsson.

1. gr. laganna orðist svo:

Til hafnargerðar og hafnarumbóta á Ísafirði veitist úr rikissjóði  $\frac{2}{5}$  hlutar kostnaðar, eftir áætlun, er ríkisstjórnin hefir samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, þó ekki yfir 250000 — tvö hundruð og fimmtíu þúsund — krónur, gegn  $\frac{3}{5}$  hlutum úr hafnarsjóði Ísafjarðar. Fé þetta greiðist bæjarstjórn Ísafjarðar hlutfallslega við framlag hafnarsjóðs til fyrirtækisins árlega.

#### Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir ósk hafnarnefndarinnar á Ísafirði, sem gerir kröfu til þess, að hafnarlög kaupstaðarins séu samræmd við hafnarlög þau, sem sett hafa verið hin síðari ár, að því er snertir áætlað framlag rikissjóðs til hafnarbóta þar. Er krafan borin fram með tilliti til þess, að í undirbúningi er að koma upp sérstakri fiskibátahöfn eða kví á Ísafjarðarpollu, sem er hið mesta nauðsynjamál fyrir útgerðina þar. Verður þó ekki farið fram á fjárveitingu í því skyni að svo stöddu, en tryggara þykir, að úrelt ákvæði hafnarlaganna séu ekki til fyrirstöðu þegar að því kemur, að réttmætt þykir og kleift að veita fé úr rikissjóði til þessa nauðsynlega fyrirtækis.